



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi : Gran Alacant

Izona : Costa Blanca norte

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2025

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til austurs

Útsýni : Sjávarútsýni

Bílastæði : Bílastæðakjallari

Fermetra stærð eignar : 75,84 m²

Stærð verandar : 12,94 m²

Stærð þaksvala : 67,39 m²

Flugvöllur : 18 min

Strönd : 4 min

Borg : 11 min

Golf : 15 min

✓ Geymsla

✓ Bílskúr

✓ Hleðlustöð fyrir rafbíla

✓ Verönd

✓ Sólarorka

✓ Innbyggð loftkæling

Þessari nútímalegu íbúð, fylgir þaksvalir þaðan sem glæsilegt útsýni er til sjávar. Hún er stödd í nýlegu íbúðahverfi á Gran Alacant svæðinu sem er svæði með mikla framtíð og býðst á frábæru verði.

Íbúðin sem er 75,84m², er með 2 rúmgóðum svefnherbergjum og 2 baðherbergjum, rúmgóðum þalsvölum auk bílastæðis í bílkjallara tilheyrir virkilega glæsilegum íbúðakjarna með aðgengi að sundlaug og fallegri sameign. Og það má með sanni segja að síbreytileg náttúrufergur Miðjarðarhafsins svíki engan, því ströndin er rétt við túnfótinn og stutt í að taka morgun-hádegis-eða kvöldgöngu við undirleik báru-kvaks!

Auk þessarar eignar, bjóðum við líka uppá í sama íbúðakjarna, 3 herbergja íbúðir, íbúðir með stórum svölum sem og íbúðir með garði.

Þökk sé staðsetningu eignarinnar, þá ertu nálægt allri þeirri þjónustu sem hugsast getur, stutt er í verslunarmiðstöðina Gran Alacant, en þar getur þú fundið matvöruverslanir, apótek, veitingarstaði, bari og margt fleira. Og einungis 800 metrar eru í hina föggu Altet strönd, en þar getur þú notið sólarinnar og notið stórbrotnar náttúrunnar allt í kring. En þess má geta að sú strandlengja er náttúruverndarsvæði og er aðeins ein að þeim mörgu kílómetra löngu ströndum á þessu svæði sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Í 15 mínútna fjarlægð er svo hinn spennandi og alþjóðlegi miðbær Alicante borgar, en þar getur þú fundið heimklassa veitingarstaði, skemmtanalíf, kaffihús, sögulegar byggingar, verslanir, framúrskarandi sjúkrahús og mikið úrval hágæða spænskra sem og alþjóðlegra skóla. Þessi eign er frábærlega staðsett hvort sem er til langtíma eða skammtíma dvalar.

